




Samband íslenskra sveitarfélaga

Tíðindi

2. tbl.
febrúar
2015



Minni **sóun** með betri stjórnun - brýnar áskoranir í **úrgangsmálum**

Þó að endurnýting úrgangsefna hér á landi hafi aukist jafnt og þétt á undanförunum árum er ennþá alltof miklum úrgangi fargað. Það á sérstaklega við um nýtingu matvæla. Fyrir liggja ógnvænlegar tölur um sóun matvæla í heiminum, sem benda til þess að einum þriðja af öllum matvælum sé hent. Um er að ræða um 1.300 milljónir tonna á ári, að verðmæti mörg hundruð milljarða króna. En það eru ekki bara matvæli sem fara í súginn. Stærsti hluti lífræns úrgangs er ennþá urðaður á Íslandi og gasið sem myndast við rotnun úrgangs er aðeins safnað og nýtt sem orkugjafi á urðunarstað höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi. Á landsbyggðinni er einungis ein stærri stöð, Molta í Eyjafirði, sem framleiðir moltu úr lífrænum úrgangi. Það eru því fólgin mörg tækifæri til betri nýtingar, s.s. Í úrvinnslu lífræns úrgangs sem orkugjafa í formi gass, og sem jarðvegsbætir.

Alltof stór hluti plastefna fer sömuleiðis ennþá til förgunar, með tilheyrandi umhverfisspjöllum. Plast er hægt að endurvinna og það er einnig góður orkugjafi ef endurgerð plasts úr plastúrgangi reynist ekki hagkvæm.

Aðgerðir til úrbóta

Til að bregðast við þessu hafa opinberir aðilar gert margvíslegar ráðstafanir. M.a. hafa sveitarfélög tekið upp meiri flokkun úrgangs, til að auðvelda endurnýtingu, í undirbúningi er stór gas- og jarðgerðarstöð á höfuðborgarsvæðinu og umhverfis- og auðlindaráðherra hefur sett á laggirnar starfshóp sem á að gera tillögur um hvernig best megi draga úr matarsóun. Tillögur þess starfshóps verða kynntar á degi umhverfisins í apríl nk. Ráðherra mun einnig birta, í fyrsta skipti, stefnu um úrgangsforvarnir á næstu 11 árum.

Málþing sambandsins 19. mars

Sambandið undirbýr nú málþing um stöðu úrgangsmála, sem haldin verður á Hótel Nordica í Reykjavík 19. mars nk. Titill ráðstefnunnar verður



„Minni sóun – meiri hagkvæmni“. Sérstakur gestur á málþingsins verður Weine Wiquist, framkvæmdastjóri Avfall Sverige og formaður stjórnar Municipal Waste Europe, samtaka fyrirtækja á vegum sveitarfélaga í Evrópu sem sinna úrgangsméðhöndlun. Málþingið verður opið öllum áhugamönnum um úrgangsmál en í lok þingsins verða umræður sem eru einungis ætlaðar kjörnum fulltrúum sveitarfélaga og starfsmönnum sveitarfélaga.

Málþing um lífrænan úrgang 20. mars

Föstudaginn 20. mars, standa Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins, Molta ehf. í Eyjafirði og nokkur svæðisbundin samtök sveitarfélaga að ráðstefnu um nýtingu lífræns úrgangs undir yfirskriftinni „Minni sóun – meiri nýting“. Ráðstefnan verður haldin í höfuðstöðvum Landgræðslunnar í Gunnarsholti.

Nánari upplýsingar um þessa viðburði birtast fljótlega á vefsíðu sambandsins.

Sveitarstjórnarmenn og áhugasamt starfsfólk sveitarfélaga er hvatt til að taka frá tíma fyrir þessar ráðstefnur.



VIRK VELFERÐARSTEFNA

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, hefur mælt fyrir frumvarpi á Alþingi um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Frumvarpið er unnið í samvinnu við sambandið og felur í sér að eyða óvissu sem gert hefur vart við sig um heimildir einstakra sveitarfélaga til að binda fjárhagsaðstoð almennum skilyrðum. Jafnframt eru lagðar til aðrar breytingar á lögnum m.a. til þess að stuðla að samræmi í reglum einstakra sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð.

Sambandið er sammála þeirri útfærslu sem frumvarpið gerir ráð fyrir og væntir þess að lagabreytingar muni hafa jákvæð áhrif gagnvart vinnufærum einstaklingum sem óska eftir fjárhagsaðstoð frá sínu sveitarfélagi, m.a. í gegnum aukið samstarf milli Vinnumálastofnunar og félagsþjónustunnar um málefni þess hóps sem býr við langtímaatvinnuleysi. Að mati sambandsins verður að tryggja samfellu milli stuðningskerfa þannig að vinnufærum einstaklingi sem fullnýtir rétt sinn til atvinnuleysisbóta standi áfram til boða sú aðstoð - og eftir atvikum aðhald - sem hann bjó við innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Í

því efni ber fyrst og fremst að horfa til einstaklingsins sjálfs og þess stuðnings sem hann þarf til þess að sjá sér og sínum farborða, fremur en telja aðstoð sveitarfélaga gagnvart þessum hópi vera af einhverjum öðrum meiddi en sú sem önnur opinber framfærslukerfi veita.

Virk velferðarstefna í þessum anda stuðlar þannig að því að aðstoða einstaklinga og fjölskyldur til sjálfshjálpar og er það í fullu samræmi við meginreglur félagsþjónustulaganna frá 1991. [Sjá nánar á vef sambandsins.](#)

Frumvarpið er nú til umfjöllunar hjá velferðarnefnd Alþingis, sem hefur óskað eftir umsögnum um það. Sambandið hvetur sveitarstjórnarmenn og aðra stjórnendur sveitarfélaga til þess að fara í gegnum málið á sínum vettvangi og koma á framfæri umsögn um það.

Sextíu prósent lögbundinna verkefna finnskra sveitarfélaga mótast af reglum Evrópusambandsins



Sextíu prósent lögbundinna verkefna finnskra sveitarfélaga mótast af reglum Evrópusambandsins

Ný skýrsla finnska sveitarfélagasambandsins leiðir í ljós að rúmlega helmingur verkefna og ákvarðana sveitarfélaga mótast af reglum ESB. Skýrslan sýnir að ESB hefur umtalsverð áhrif á um 60 prósent af hinum 535 lögbundnu verkefnum sveitarfélaga. Minnst voru áhrifin á sviði samgangna og samskipta (36%) og mest á sviði atvinnu- og efnahagsmála (80%).

ESB hefur einnig áhrif á ákvarðanir sveitarstjórna

Greining á dagskrám tíu sveitarstjórna gefur til kynna að rúmlega 50 prósent ákvarðana sveitarstjórna mótist af ESB reglum. ESB hefur áhrif á 47 prósent ákvarðana höfuðborgarinnar - lítil munur er á pólitískum ákvörðunum og stjórnvaldsákvörðunum - en áhrif eru mismikil eftir nefndum og ráðum. Minnst eru áhrifin á húsnæðismál (13%) en mest á æskulýðsmál (83%) og framkvæmdir (80%).

Bein og óbein áhrif ESB

Áhrif Evrópusambandsins eru mismunandi eftir sviðum. Áhrifin geta verið bein s.s. áhrif löggjafar (tilskipana, reglugerða) um opinber innkaup, ríkisaðstoð, orkunýtni, umhverfismál (úrgangmál, vatn, umhverfisvernd) og gagnavernd, eða óbein t.d. vegna

stefnumótunar ESB og sjóða, s.s. um atvinnumál, félagsmál, heilbrigðismál, menntamál, innflytjendamál og byggðamál. Einnig má greina áhrif sem eru tilkomin vegna sambærilegra markmiða ESB og finnskra sveitarfélaga. Skýrslan gefur til kynna að bein áhrif á lögbundin verkefni séu um 17 prósent, óbein áhrif 20 prósent og að áhrif vegna sambærilegra markmiða séu um 26 prósent. Dagskrár sveitarstjórna gefa til kynna að bein áhrif séu 32 prósent, óbein áhrif 12 prósent, 9 prósent séu áhrif áþekkra stefnumiða.

Niðurstaða skýrslunnar er að ESB hafi áhrif á nærri öll áhrifasvið sveitarstjórnarstigsins þó í mismiklum mæli. Þetta er í samræmi við könnun sænska sveitarfélagasambandsins frá 2010 sem sýndi fram á að um 60% viðfangsefna sveitarstjórna, héraða og landsþinga í Svíþjóð mótast af reglum og stefnumótun Evrópusambandsins. Ljóst er að Evrópureglur hafa einnig mikil áhrif á störf íslenskra sveitarfélaga á grundvelli EES-samningsins. Með samningnum fékkst aðgangur að innri markaði ESB gegn upptöku nær allrar löggjafar ESB um fjórfrelsið svokallaða og Íslandi ber að lögtaka flestar af reglum ESB vegna samkeppnismála, opinberra styrkja, neytendaverndar og vinnulöggjafar, svo og reglur á sviði umhverfismála o.fl. Þorri þessara reglna snertir verksvið sveitarfélaga með einum eða öðrum hætti.

REYKJAVÍKURBORG HLÝTUR NÝSKÖPUNARVERÐLAUNIN 2015



Veiting nýsköpunarverðlauna í opinberri stjórnarsýslu og þjónustu er samstarfsverkefni fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Félags forstöðumanna ríkisstofnana, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Stofnunar stjórnarsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Rannís.

Sveitarfélög hafa þrisvar tekið þátt í viðburðinum. Tuttugu sveitarfélög hafa tilnefnt 68 verkefni til nýsköpunarverðlauna í þessi þrjú skipti. Reykjavíkurborg hefur tilnefnt langflest verkefni eða 31. Þar á eftir koma Seltjarnarnesbær og Hafnar kaupstaður með fimm verkefni hvort.

Í fyrsta skipti sem sveitarfélög tóku þátt fékk Reykjavíkurborg viðurkenningu fyrir „Betri Reykjavík“ og Akureyrarkaupstaður viðurkenningu fyrir „Hæsnahöll“ við öldrunarheimili sitt. Árið 2014 fékk Dalvíkurbyggð viðurkenningu fyrir verkefnið „Söguskjóður“ sem miðaði að því að skapa betri tengsl við foreldra barna

af erlendum uppruna. Reykjanesbær, Sandgerðisbær og Sveitarfélagið Garður fengu einnig viðurkenningu fyrir „Framtíðarsýn í menntamálum“. Reykjavíkurborg er fyrsta sveitarfélagið til að hljóta aðalverðlaunin fyrir „Geðheilsustöðina í Breiðholti“. Sveitarfélögin stóðu sig mjög vel í ár. Þau hreptu allar viðurkenningarnar nema eina. Hafnarfjarðarkaupstaður fyrir „Áfram: Ný tækifæri í Hafnarfirði“. Reykjavíkurborg fyrir „Næringarútreiknaðir matseðlar, örútboð og matarsóun“. Langanesbyggð vegna Grunnskólans á Bakkafirði fyrir „Vinnustofur- Fjölbreyttir kennsluhættir og nýsköpun“ og Seltjarnarnesbær fyrir „Ungmennaráð Seltjarnarness“. Einu ríkisstofnanirnar sem fengu viðurkenningu að þessu sinni voru Embætti landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fyrir „Veru: Öruggur rafrænn aðgangur að mínum heilbrigðisupplýsingum“.

Á www.samband.is hefur verið sett upp [nýsköpunarsíða](http://www.samband.is) og aðgengilegur gagnabanki um nýsköpunarverkefni sveitarfélaga sem hafa verið tilnefnd til verðlauna.



Orðsþorið

og Dagur leiksko



Föstudaginn 6. febrúar var Dagur leikskólans haldinn hátíðlegur í leikskólum landsins í áttunda sinn, en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Markmið dagsins er að beina sjónum að leikskólanum og því gróskumikla fagstarfi sem þar fer fram.

ólans

Í tilefni dagsins var viðurkenningin Orðsporið veitt í þriðja sinn. Orðsporið eru hvatningarverðlaun sem veitt eru þeim sem þykja hafa skarað framúr í að efla orðspor leikskólastarfs í landinu og hafa unnið ötullega í þágu leikskóla og leikskólabarna. Ákveðið var að Orðsporið 2015 yrði veitt þeim rekstraraðila/sveitarfélagi sem þykir hafa skarað frum úr í að hækka menntunarstig starfsmanna leikskóla og/eða fjölga leikskólakennurum í sínum leikskóla/leikskólum. Var öllum frjálst að senda inn tilnefningu. Valnefnd var skipuð fulltrúum samstarfsaðila um Dag leikskólans, þ.e. Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla - landsamtaka foreldra.

Sveitarfélögin sem voru tilnefnd eiga það sameiginlegt að hafa lagt sitt af mörkum í að efla faglega umgjörð við

leikskóla sveitarfélagsins. Það hefur skilað sér í auknum faglegum áhuga og metnaði í framþróun í leikskólastarfi og verið starfsmönnum hvatning til frekari menntunar.

Viðurkenninguna að þessu sinni hlutu Kópavogur og Sveitarfélagið Ölfus. Í rökstuðningi valnefndar kemur fram að í báðum sveitarfélögunum sé hvetjandi leikskólaumhverfi, sveigjanleiki til þess að starfsmenn leikskóla geti sinnt námi með vinnu, styrkveitingar vegna bókakaupa og námskostnaðar ásamt því að bjóða starfsmönnum launuð námsleyfi. Vegna metnaðarfullrar stefnu og framkvæmdar hennar hefur menntunarstig starfsmanna í báðum sveitarfélögunum hækkað auk þess sem leikskólakennurum hefur fjölgað. 25 starfsmenn í 19 leikskólum Kópavogsbæjar stunda nú nám í leikskólakennarafræðum og 13 starfsmenn leikskólans Bergheima í Ölfusi hafa lokið leikskólakennaranámi frá aldamótum.

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, afhenti viðurkenninguna á Degi leikskólans við hátíðlega athöfn í Björnslandi, Norðlingaholti í Reykjavík. Börn úr leikskólanum Rauðhól sungu fyrir hátíðargesti og voru við leik og störf í lundinum á meðan athöfnin fór fram.



Niðurstöður úr útkomuspá A-hluta sveitarfélaga, A-hluta fjárhagsáætlana og samstæðu (A- og B-hluta)



Nú liggja fyrir samandregnar niðurstöður úr útkomuspá A-hluta sveitarfélaga fyrir árið 2014, úr A-hluta fjárhagsáætlana sveitarfélaga og samstæðu sveitarfélaga (A+B hluta) fyrir árið 2015. Útkomuspáin byggir á upplýsingum frá 50 sveitarfélögum þar sem búa tæp 88% íbúanna og niðurstöður fjárhagsáætlana byggja á upplýsingum frá 64 sveitarfélögum þar sem búa yfir 99% íbúanna. Niðurstöðurnar eru færðar upp hlutfallslega fyrir landið í heild sinni.

Til frekari glöggvunar er sveitarfélögunum skipt í fjóra flokka við afkomugreiningu. Þeir eru:

- Reykjavíkurborg
- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur

- Vaxtarsvæði (sem eru sveitarfélög frá og með Borgarbyggð, suður um Suðurnes og til og austur á Suðurland til og með Árborg, Akureyrarkaupstaður og sveitarfélögin Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð)
- Öll önnur sveitarfélög.

Mun betri og fljótari skil voru á fjárhagsáætlunum og útkomuspá í ár til Upplýsingaveitunnar sem vistuð er hjá Hagstofu Íslands en fyrir ári síðan. Það skiptir verulegu máli að geta haft fyrrgreindar niðurstöður handbærar eins snemma og hægt er.

Heildarniðurstaða útkomuspáa og fjárhagsáætlana eru í grófum dráttum í takt við það sem við var búist. Afkoman verður almennt heldur lakari á árinu 2014 og

Fjármál sveitarfélaga

Fjárhagur 2. hluti



2015 heldur en hún var á árinu 2013. Ástæðu þess er fyrst og fremst að rekja til mikilla launahækkana í kjölfar kjarasamninga á árinu 2014. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum verður um 2,0 prósentustigum lægra á árinu 2015 en það var á árinu 2013. Það er engu að síður allgott eða 7,7% að meðaltali. Þessi niðurstaða þýðir að það verður almennt minna fjármagn afgangss frá rekstrinum til að greiða niður afborganir skulda og til að fjármagna nýfjárfestingar.

Mjög fróðlegt er að reikna hlutfall milli langtímaskulda og veltufjár frá rekstri. Þá sést hve auðvelt sveitarfélögin eiga með að greiða langtímalán sín að fullu. Langtímaskuldir A-hluta sveitarsjóða eru um 165 ma.kr og veltufé frá rekstri er um 19 ma. kr. í fjárhagsáætlunum fyrir árið 2015. Það þýðir að sveitarfélögin væru að jafnaði 8,7 ár að greiða upp

allar langtímaskuldir ef veltuféð yrði óbreytt og því væri öllu ráðstafað til niðurgreiðslu lána. Auðvitað er þetta gróf nálgun en engu að síður ágæt kennitala til að fá gróft mat á hve auðvelt hvert einstakt sveitarfélag á með að greiða niður skuldir sínar.

Rekstur og efnahagur stendur styrkum fótum

Sveitarfélögin halda áfram að greiða niður skuldir og styrkja fjárhagslega stöðu sína á þann hátt. Ný langtímalán eru lægri en afborganir langtímalána. Þetta er sama áhersla og á liðnum árum. Fjárfestingar drógust mikið saman á árunum eftir fjármálakrísuna en þær virðast vera að aukast á allra síðustu árum. Samdráttur í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga hefur haft áhrif á stöðu atvinnumála og almenn umsvif í samfélaginu.

Nokkur munur er niðurstöðum fyrir einstakra flokka eins og gefur að skilja. Hlutfall veltufjár frá rekstri er hæst hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkurborgar en lægst hjá Reykjavíkurborg. Aftur á móti er veltufjárlutfall (hlutfall veltufjármuna og skammtímaskulda) lægst þar og á vaxtarsvæðum. Heildarskuldir eru lægst á íbúa í Reykjavíkurborg en langtímaskuldir hæstar á hvern íbúa á vaxtarsvæðum. Heildartekjur á hvern íbúa eru hæstar í flokknum „Önnur sveitarfélög“ svo og heildarútgjöld.

Í heildina tekið stendur rekstur og efnahagur sveitarfélaga sterkum fótum. Vegna hækkandi launakostnaðar er nauðsynlegt að hafa markvisst og stöðugt eftirlit með framkvæmd fjárhagsáætlana til að tryggja að sett markmið fjárhagsáætlunar hafi gengið eftir við árslok.

Kínversk sendinefnd í heimsókn



Í febrúar 2015 sótti sambandið heim fjögurra manna sendinefnd frá Vináttusamtökum kínversku þjóðarinnar við önnur lönd (CPAFFC). Fyrir sendinefndinni fór fr. Zhang Ruoning, aðstoðaraðalframkvæmdastjóri Evrópudeildar vináttusamtakanna og með henni í för voru starfsmenn vináttusamtakanna, þau hr. Ji Zhaoyu, framkvæmdastjóri í Evrópudeildinni, og hr. Liu Chang og fr. Wang Fan, verkefnastjórar í sömu deild vináttusamtakanna.

Af hálfu sambandsins sátu fundinn Halldór Halldórsson formaður, Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, og Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins og Kínafari.

Fr. Zhang Ruoning kynnti starfsemi vináttusamtakanna, en þau héldu upp á 60 ára afmæli sitt á árinu 2014. Meginmarkmið samtakanna hefur frá upphafi verið að auka vináttu og samskipti kínversku þjóðarinnar við aðrar þjóðir, auka alþjólegt samstarf, standa vörð um heimsfrið og stuðla að sameiginlegri þróun, eins og segir í samþykktum vináttusamtakanna.

Vináttusamtökin sinna einnig tengslum kínverskra sveitarfélaga og héraða við sveitarfélög og héruð í öðrum ríkjum. Samtökin eru virkir aðilar að Alþjóðasamtökum sveitarfélaga og borga (UCLG). Þá standa þau í samstarfi við sveitarfélög og borgir í Kína fyrir vinabæjaráðstefnum á tveggja ára fresti hér og þar í Kína. Síðasta ráðstefna var haldin í Xiamen í september 2014. Starfsmenn samtakanna í Beijing, höfuðborg Kína, eru um 300 og síðan eru 300 deildarskrifstofur vítt og breitt um landið. Starfsmenn vináttusamtakanna eru um 2.000 alls.

Vináttusamtökin hafa áhuga að stofna til aukinni tengsla við sveitarfélög á Norðurlöndum, bæði á tvíhliða og marghliða grunni. Sendinefndin hafði nokkrum dögum áður átt fund með fulltrúum danska sveitarfélagasambandsins (KL) í Danmörku.

Fram kom að þrjú íslensk sveitarfélög eiga kínverska vinabæi, það eru Hafnarfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð og Kópavogsbær. Um 200 vinabæjatengsl hafa verið mynduð milli kínverskra sveitarfélaga og sveitafélaga annars staðar í heiminum. Sum þeirra ganga vel en önnur ver.



Námskeið fyrir skóla- og félagsmálanefndir

18. febrúar	Námskeið fyrir félagsmálanefndir - Suðurnes
19. febrúar	Upplýsinga- og umræðufundir um málefni fatlaðs fólks – Grand hótél í Reykjavík
21. febrúar	Námskeið fyrir skólanefndir - Egilsstaðir
25. febrúar	Námskeið fyrir félagsmálanefndir - Suðurland
13. mars	Námskeið fyrir félagsmálanefndir - Borgarnes
14. mars	Námskeið fyrir skólanefndir - Norðurland eystra
17. mars	Námskeið fyrir félagsmálanefndir - Höfuðborgarsvæðið
21. mars	Námskeið fyrir skólanefndir - Suðurnes



Fr. Zhang Ruoning rifjaði upp fyrri samskipti sambandsins og vináttusamtakanna frá árinu 1996, þegar hún fór með sendinefnd sambandsins um Kína undir forsæti Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, þáverandi formanns sambandsins, og sagðist eiga góðar minningar frá þeirri heimsókn. Hún bauð síðan formanni sambandsins, Halldóri Halldórssyni, ásamt sendinefnd í heimsókn til Kína, þegar vel stæði á.

Þær sveitarstjórnir sem áhuga hafa að kynna sér nánar hugsanlegt samstarf við kínversk sveitarfélög er bent á að hafa samband við Önnu Guðrúnu Björnsdóttur, sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins.





Sóknaráætlanir landshluta 2015-2019

Þriðjudaginn 10. febrúar sl. var skrifað undir samninga um sóknaráætlanir landshluta fyrir tímabilið 2015-2019 í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu.

Nokkur reynsla er komin af sóknaráætlunum landshluta enda hafa þær verið við líði í þrjú ár í núverandi formi. Nú er verið að sameina í einn samning verkefni sóknaráætlanir landshluta, vaxtarsamninga og menningarsamninga. Heildarfjárhæð samningana nemur ríflega 550 m.kr. fyrir árið 2015 en til viðbótar mun mennta- og menningarmálaráðuneytið leggja til fjármagn til áframhaldandi reksturs menningarmiðstöðva á Austurlandi og Suðurlandi og einnig munu nokkrar sértækar fjárveitingar renna inn í sóknaráætlanir einstakra landshluta.

Sóknaráætlanir fela í sér mikla nýbreytni í opinberri stjórnsýslu þar sem verið er að færa aukna ábyrgð á útteilingu fjármagns til landshlutasamtaka sveitarfélaga. Jafnframt er verið að einfalda framlög til einstakra landshluta, gera þau gegnsærri og láta þau í auknum mæli taka mið af hlutlægum mælikvörðum varðandi stöðu svæðisins.

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, hefur setið í nefndum vegna undirbúnings og framkvæmdar sóknaráætlanaverkefnis frá upphafi eða í um sex ár. Hann flutti [ávarp við undirritunina](#) sem nálgast má á vef sambandsins.



© Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100 • 128 Reykjavík
Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson
2015/06

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi að heimildar sé getið.*